

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um einkennisfatnað fangavarða nr. 629
2. nóvember 1981.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Einkennisjakka, sem notaðir voru fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, er heimilt að nota til 1. júlí 1982 og skuli eftir þann tíma eingöngu notaðir jakkar skv. 2. tölulið 1. gr. Skulu fangaverðir fá afhentan einn aukajakka á árinu 1982 vegna þessara skipta. Skila skal eldri jökkum er þeir nýju hafa verið teknir í notkun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. laga nr. 38/1973 um fangelsi og vinnuhæli, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. janúar 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.

28. janúar 1982.

Nr. 25.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr.	8,00
Einstakir miðar, börn	—	4,00
10 miða kort, fullorðnir	—	50,00
10 miða kort, börn	—	17,00
10 miða kort, aldraðir	—	25,00
Gufubað	—	13,00
Leiga á handklæðum og sundfatnaði	—	7,00
10 miða kort sundfélaga 16 ára og eldri	—	16,00
10 miða kort sundfélaga yngri en 16 ára	—	8,00

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 630 30. október 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 28. janúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.